



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. maí 2023

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, þskj. 1476, 944. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Skrifstofan gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytingarnar enda verður ekki annað séð en að þær séu til hagsbóta fyrir þann hóp sem þær snúa að, svo langt sem þær ná. Rýmkun á rétti þeirra sem hér dvelja á grundvelli ráðningarsambands til að leita sér að annarri vinnu þegar slit verður á ráðningarsambandi er til þess fallin að auka sjálfstæði dvalarleyfishafa gagnvart atvinnurekanda og draga úr hættu á misneytingu.

Mannréttindaskrifstofan saknar þess þó að gerðar séu breytingar á atvinnuréttindum þeirra sem fengið hafa hér dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, eða á grundvelli sérstakra tengsla við landið, að þau þurfi ekki að sækja um tímabundið atvinnuleyfi heldur verði þeim heimilt að vinna jafnskjótt og dvalarleyfið hefur verið veitt. Fullyrða má að þjóðhagslegur ávinningur hlytist af slíku fyrirkomulagi. Myndi það auðvelda einstaklingunum að vinna fyrir sér og minnka líkur á að þeir festist í svartri atvinnustarfsemi eða sæti hagnýtingu á vinnumarkaði. Jafnframt saknar skrifstofan þess að skýrt sé kveðið á um að dvalarleyfisskírteini teljist til gildra skilríkja hér á landi, en slíkt myndi greiða fyrir því að einstaklingar sem hér hljóta dvalarleyfi í gegnum verndarkerfið fái inngöngu í samfélagið og geti hagnýtt sér þau réttindi sem verndinni fylgja. Slík breyting ætti vel heima í 3. gr. frumvarpsins.

- 6. gr., b-liður – „Heimilt er að veita slíkt dvalarleyfi án umsóknar“ – engin ástæða til að tala um „heimild“ í þessu samhengi og óljóst hvaða tilgangi það þjónar. Með tilliti til markmiðs ákvæðisins væri eðlilegra að 2. másl. 3. mgr. orðaðist svo: „Skal slíkt dvalarleyfi veitt án umsóknar og þarf þá ekki að uppfylla skilyrði b-liðar 1. mgr.“
- 7. gr., c-liður – Hér vantar botn í setningu: „Heimilt er að veita slíkt dvalarleyfi án umsóknar og þarf þá skilyrði b-liðar 1. mgr.“ Af því leiðir að ekki er ljóst hvort skilyrði b-liðar 1. mgr. 62. gr. þurfi eða þurfi ekki að vera uppfyllt. Miðað við skýringar á greininni í frumvarpi má ætla að þarna eigi að standa „Heimilt er að veita slíkt dvalarleyfi án umsóknar og þarf þá ekki að uppfylla skilyrði b-liðar 1. mgr.“ en mikilvægt er að texti laganna sjálfra sé skýr.
- 11. gr., d-liður – MRSÍ fagnar því að stjórnvöldum sé falin aukin ábyrgð, og þeim veitt heimild til eftirlits með vistráðningum. Hér er um að ræða mikilvægan varnagla gegn mansali og misneytingu



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Þeirra sem hér dveljast á grundvelli dvalarleyfis vegna vistráðningar. Með hliðsjón af því telur skrifstofan þó að markmiði ákvæðisins væri betur þjónað með því að gera Útlendingastofnun skylt að viðhafa slíkt eftirlit fremur en að eingöngu sé um að ræða heimildarákvæði. Þá bendir skrifstofan á að Noregur hefur boðað að au-pair fyrirkomulagið verði ekki lengur leyfilegt þar í landi því fyrirkomulaginu hafi fylgt mörg dæmi um grófa misnotkun á konum. MRSÍ veit um allmörg dæmi hér á landi þar sem bæði konur og karlar á au-pair leyfi hafa sætt ýmiss konar hagnýtingu og misnotkun. Hvetur skrifstofan því íslensk stjórnvöld til að íhuga alvarlega að leggja vistráðningarleyfin niður hér á landi.

- 12. gr., c-liður – Breytingin sem lögð er til er óskýr og innra misræmis gætir í texta frumvarpsins. Vísað er til XXI-XXIV. kafla almennra hegningarlaga, líkt og gert er í 2. mgr. 69. gr. gildandi laga um útlendinga en því svo bætt við að dvalarleyfi skv. 70. gr. verði „heldur ekki veitt“ ef sá sem umsókn byggist á hefur hlotið dóm eða verið látinn sæta öryggisráðstöfunum fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, eða dvalarleyfi skv. 71. gr. ef um ræðir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga. Í báðum tilvikum er um að ræða brot sem núgildandi lög taka þegar til.
- 17. gr. – 1. tölul. – tilvísun í ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga er röng og umrædd orð sem vísað er til að breyta skuli koma ekki fram 1. másl. 5. mgr. 8. gr. laganna. Umrædd breyting hlýtur að vísa til 6. mgr. 8. gr. laga nr. 97/2002.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Ólöf Embla Eyjólfsdóttir
lögfræðingur